



## **298. Stjórnarfundur haldinn 25. október 2007 kl:18:00**

**Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Guðjón og Bjarney.**

### **1. Fundargerð síðasta fundar.**

Lesin og samþykkt.

### **2. Innkominn bréf.**

Bréf frá : Formanni körfuknattleiksdeildar v/ niðurskurðar á væntanlegu félagsheimili Keflavíkur.

### **3. Send bréf.**

Engin

### **4. Staða mála vegna nýs félagsheimils**

Aðalstjórn getur ekki fallist á þennan niðurskurð sem kynntur var á væntanlegu félagsheimili Keflavíkur. Byggingarnefnd félagsins (EH, KG og ÞMK) falið að taka saman gögn og senda inn til Íþróttá- og tómstundaráðs RNB.

### **5. Önnur mál.**

Farið yfir 45. sambandsþing UMFÍ. EH var kjörinn í aðalstjórn og tilnefndur í framkvæmdastjórn UMFÍ. KG var formaður uppstillingarnefndar og einnig í kjörbréfanefnd. ÞMK tók að sér hlutverk þingritara og aðrir þingfulltrúar sinntu nefndarstörfum. EH þakkar þingfulltrúum þeirra framlag á þinginu.

Ákveðið að styrkja Kristinn Óskarsson körfuknattleiksdómara um 25.000 krónur vegna námskeiðs erlendis.

Ákveðið að leggja til hliðar fé til að mæta kostnaði vegna ritunar á sögu félagsins árin 2007, 2008 og 2009. Útgáfa bókarinnar áætluð sept. 2009.

EH sótti námskeið í TOK launa og bókhaldskerfum.

EH mun sækja námskeið í Viðburðarstjórnnum sem stjórnarmaður UMFÍ, en námskeiðið er á vegum UMFÍ og Íþróttakademiunnar í Reykjanesbæ.

Samningur við framkvæmdastjóra var endurskoðaður. (EH vék af fundi undir þessum lið og KG tók við fundarstjórn.)

EH kom inn á fund og tók við stjórn fundarins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:30

